

Sþ. 626. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um endurgreiðslu aðflutningsgjalda vegna skipasmíða á vegum ríkisstjórnarinnar.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Lárus Jóhannesson, Steingrímur Aðalsteinsson,
Emil Jónsson, Vilhjálmur Hjálmarsson og Jónas Rafnar.

Ríkisstjórninni er heimilt að endurgreiða skipasmíðastöðvum þeim, sem smíðuðu fiskiskip fyrir ríkisstjórnina á árunum 1945—1949, aðflutningsgjöld af efni því og tækjum, sem inn var flutt til smíðanna og skipasmíðastöðvarnar lögðu til samkvæmt smíðasamningunum, enda verði endurgreiðsla þessi eigi hærrí en 35 þúsund krónur á hvert skip 60 smálesta og stærra og 25 þúsund krónur á hvert þeirra skipa, er minni voru.

Greinargerð.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1952 báru fjórir af flutningsmönnum þessarar tillögu fram brtt. við fjárlagafrv. þess efnis, að ríkisstjórninni yrði heimilað að greiða skipasmíðastöðvum þeim, sem smíðuðu fiskiskip fyrir ríkisstjórnina á árunum 1945—1949, upphætur á umsamið kaupverð skipanna, er næmu allt að 35 þús. kr. á hvern stærri bátanna og 25 þús. kr. á hvern hinna minni. Var ástæða tillögunnar sú, að skipasmíðastöðvarnar urðu fyrir miklum halla á skipasmíði þessari vegna mjög aukins tilkostnaðar eftir að um smíði skipanna var samið, og þótti ekki ósanngjarnt, að ríkissjóður létti eitthvað undir með skipasmíðastöðvunum vegna þessa tjóns.

Við atkvæðagreiðslu um þessa brtt. við fjárlagafrv. lýsti ríkisstjórnin yfir því, að hún teldi ekki gerlegt að greiða skipasmíðastöðvunum hætur í því formi, sem tillagan fól í sér, en lofaði um leið að taka til athugunar, hvort eigi væri tiltækilegt að endurgreiða skipasmíðastöðvum þessum aðflutningsgjöld af innfluttu efni og tækjum til bátasmíðanna, sem skipasmíðastöðvarnar lögðu til samkv. smíðasamningunum. Var brtt. tekin aftur vegna þessarar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, þar eð vitað var, að aðflutningsgjöldin mundu að minnsta kosti nema þeim upphæðum, sem lagt var til að greiða skipasmíðastöðvunum með breytingartillögunni.

Með þáttill. þessari er lagt til, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til þeirrar ráðstöfunar, sem fólst í áðurgreindri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Er tillagan orðuð í samræmi við yfirlýsinguna. Ekki er enn athugað til hlítar, hversu hárrí upphæð aðflutningsgjöldin á hvert skip nema, en samkomulag er um það við ríkisstjórnina að binda hámark endurgreiðslunnar við þær upphæðir, sem greinir í tillögunni.